

Sp.

56. Fyrirspurn

[56. mál]

til félagsmálaráðherra um lánveitingar Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Til hve margra íbúða voru veitt lán úr Byggingarsjóði verkamanna á árinu 1985 og hvað er áætlað að þær verði margar á yfirstandandi ári, vegna
 - a. nýrra samninga,
 - b. endursöluíbúða?
2. Til hve margra íbúða má áætla að hægt sé að veita lán í verkamannabústöðum á næsta ári, vegna
 - a. nýrra samninga,
 - b. endursöluíbúða?
3. Hvað liggja fyrir margar umsóknir um íbúðir í verkamannabústöðum?
4. Hefur verið gerð áætlun um þörf á leiguhúsnæði? Ef svo er, hver er þörfin, skipt eftir kjördæmum?
5. Til hve margra íbúða voru veitt lán úr Byggingarsjóði ríkisins á árinu 1985 og hvað er áætlað að þær verði margar á yfirstandandi ári, vegna
 - a. nýbygginga,
 - b. eldri íbúða?
6. Hve mörg lán má áætla að hægt verði að veita úr Byggingarsjóði ríkisins á næsta ári, vegna
 - a. nýbygginga,
 - b. eldri íbúða?
7. Hvað liggja nú fyrir margar umsóknir um lán úr Byggingarsjóði ríkisins, vegna
 - a. nýbygginga,
 - b. eldri íbúða?